



Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Sent í Samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík 4. febrúar 2021

Efni: Umsögn SI og SA um áform um lagasetningu, mál nr. 17/2021 – Brottfall laga um vísitölu byggingarkostnaðar

Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins (hér eftir „samtökin“) hafa saman tekið til umsagnar mál nr. 17/2021 sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 21. janúar 2021. Umrædd áform fela m.a. í sér að fella virðisaukaskatt burt úr mælingu vísitölnnar, til samræmis við framkvæmd á öðrum Norðurlöndum, og að notast við launarannsókn Hagstofu Íslands í stað upplýsingar úr launatöxtum í iðnaði.

Samtökin fagna umræddum áformum enda ljóst að byggingarvísitala sem reiknuð er með virðisaukaskatti er í reynd vondur mælikvarði á byggingarkostnað. Núverandi fyrirkomulag hefur margsinnis haft óæskileg áhrif á virka verksamninga í mannvirkjagerð þegar breytingar hafa orðið á virðisaukaskattinum, nú síðast þegar endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu manna á verkstað var hækkuð úr 60% í 100% til að bregðast við efnahagslegum afleiðingum COVID-19.

Þar sem verksamningar í mannvirkjagerð eru í flestum tilvikum verðtryggðir út frá þróun byggingarvísitölnnar verður það mikilvægt að huga vel að innleiðingarferli á þessari nýju aðferðarfræði enda ljóst að þeir verksamningar sem í gildi verða við breytinguna munu áfram styðjast við eldri útreikninga á vísitölnni út samningstímabil þeirra. **Skýr áætlun er því nauðsynleg svo að hægt verði að ná sátt um innleiðingu nýrrar og betri vísitölu til framtíðar.**

Þá benda samtökin einnig á að í dag eru allir verksamningar bundnir við umrædda byggingarvísitölu óháð því hvort um húsnæðisuppbyggingu eða innviðaupbyggingu er að ræða. Æskilegt væri að vera með fleiri vísitölur á sviði mannvirkjagerðar hér á landi.

Samtökin vilja að lokum taka fram að þau gera ekki athugasemdir við tillögur um að leggja niður sérlög um byggingarvísitöluna. Hins vegar vilja samtökin benda á að gagnsæi og traust þarf að ríkja þegar kemur að grunnnum vísitölnnar og aðferðarfræði Hagstofu Íslands. Vilja samtökin í því sambandi benda á að þegar litið er á þróun gengisvísitölnnar og innfluttu efni í byggingarvísitölnni má sjá að sögulega hefur verið góð fylgni á milli þessara stærða. Á síðustu misserum virðist þó gengisbreytingarnar ekki skila sér inn í byggingarvísitöluna með sama hætti og eðlilegt væri. Þar sem byggingarvísitalan er notuð til verðtryggingar í samningum verktaka og verkkaupa, hefur töfin við að gengisbreytingarnar skili sér orðið til þess að greiðslur hafa ekki tekið þeim verðbreytingum sem kostnaðarliðir verktaka eru að taka



vegna gengislækkunar krónunnar. Þetta hefur talsverðan kostnað í för með sér fyrir verktaka. Samtökin kalla því eftir gagnsæi þegar kemur að aðferðarfræði og gagnagrunn Hagstofunnar við útreikning vísitölunnar.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Jóhanna Klara Stefánsdóttir
Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
Sviðsstjóri mannvirkjasviðs

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Heiðrún B. Gísladóttir
Heiðrún Björk Gísladóttir,
Verkefnastjóri á samkeppnishæfnisviði